**Til forseta Íslands**

Reykjavík, 18. febrúar 1997

Günter Borgwardt
f. 7. ágúst 1938

sækir um uppreist æru.

Með dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum 12. nóvember 1969, var ég undirritaður dæmdur til 6 mánaða fangelsisvistar fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. alm. hgl, 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl.
Ég afplánaði refsingu mína í fangelsinu Litla-Hrauni, frá 18. febrúar 1971 til 8. maí 1971, auk 6 daga sem ég afplánaði í fangahúsinu í Vestmannaeyjum. Forseti Íslands veitti mér náðun þann 19. maí 1971, skilorðsbundið í 2 ár, og stóðst ég skilyrði náðunarinnar. Að lokinni afplánun refsivistar hefi ég starfað sem sjómaður og verkamaður og bý nú í

Ég hef eftir að refsivist lauk lifað heiðarlegu og reglusömu lífi.

Þar sem svo langt er um liðið síðan afplánun refsingar var að fullu lokið, leyfi ég mér hér með að fara þess á leit að mér verði veitt uppreist æru.

Meðfylgjandi er ljósrit Hæstaréttardómsins og ljósrit af sakavottorði, ásamt vottorði tveggja valinkunnra manna um hegðun mína.

Allra virðingarfyllst,

Günter Borgwardt

Günter Borgwardt

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 3 MAR 1997
Málsnr.: 97030005
Bréfal.: 131.4

Við undirritaðir sem höfum þekkt Günter Borgwardt, kt. 070838-7969, __um árabil lýsum yfir því að hann hefur nú um langt árabil lifað reglusömu og heiðvirðu lífi.

Leó M. Jónsson
070342-5029
Nemi 13

Guðjón Þórarinsson
270431-3569

DÓMS- OG
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 25 FEB. 1997
Málsnr.: 97030005
Bréfal.: 631.4

Tillaga
til forseta Íslands
um uppreist æru.

Günter Borgwardt, kt. 070838-7969, til heimilis að hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar að því er snertir dóm Hæstaréttar, uppkveðinn 12. nóvember 1969, 6 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum og áfengislögum

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður forseti Íslands, mætti þóknast

a ð veita nefndum Günter Borgwardt uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm, og

a ð rita nafn yðar undir afgreiðslu þá, sem hér með fylgir.

Fellst á tillöguna!
Ólafur Ragnar Grímsson

Bessastöðum,
20. mars 1997.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
17. mars 1997

Allravirðingarfyllst,

Þorsteinn Pálsson

Þorsteinn Geirsson

66 97